



Kennari/ar: Lárus Ágúst Bragason

Skammstöfun: LB

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður farið yfir helstu atburðum í Íslandssögunni frá landnámi til upphafs 19. aldar. Unnar verða spurningar sem nemendur safna saman í möppu og skila í lok annar. Ýmis konar verkefni verða gerð til þess að dýpka skilning nemenda á einstaka atburðum eða einstaklingum sögunnar. Þessi áfangi er lokaprófslaus.

Til grundvallar liggja eftirfarandi efnisflokkar:

- Notkun og öflun heimilda.
- Landnám Íslands og upphaf Íslandsbyggðar.
- Kristnitaka
- Þjóðveldisöld
- Sturlungaöld
- Siðaskipti
- Einokun og einveldi
- Tyrkjarán, Innréttingar og Móðuharðindi.
- Magnús Stephensen

Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir heimilda og þjálf þá í notkun þeirra og einfaldri framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum.

Undanfari: enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum Íslandssögu 870-1800
- orsökum þeirra og áhrifum á íslenskt samfélag.
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á ítarlegri heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa fræðilega texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt.
- færa rök fyrir niðurstöðum.
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar.
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmynda, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði Íslandssögunnar við okkar tíma.
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli.

Námsefni:

Fornir tímar, Gunnar Karlsson, efni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni	Próf
1	1. Landnám Íslands 2. Samfélag og siglingar	
2	3. Kristnitaka 4. Hugmyndaheimur og lífsbjörg	Umræður
3	5. Sturlungaöld 6. Síðmiðaldir	
4	7. Hrun Noregsveldis/ enska öldin	Próf 1

5	8. Siðaskipti Skálholt 9. Siðaskipti Hólar	
6	Heimildaverkefni	
7	10. Húmansimi 11. Ísland á 18. öld	
8	12. Framhaldsskólalíf Verkefni: Smásaga	Umræður
9	13. Einokunarverslun	Próf 2
10	Micro: Reynistaðabræður 14. Tyrkjarán	
11	15. Innréttingar Micro: Íslendinar í augum Dana.	
12	16. Móðuharðindi 17. Íslendingar læra að lesa	Umræður
13		Próf 3 – Munnlegt próf
14		Mikróverkefin
15	Skráp	

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2003 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama getur gilt um fólk með opið vottorð.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	30%
Verkefni	Skilaverkefni innu	40%
Próf	Skrifleg próf	30%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

3. ágúst 2023 Larus Bragason